

Gjaldskrá STEFs og SFH vegna opinbers flutnings tónverka

Með vísun til 4. mgr. V. kafla gjaldskrár STEFs, sem staðfest var af menntamálaráðuneytinu 5. janúar 1993, sbr. auglýsingu nr. 101, 1993, eru gjöld vegna opinbers flutnings tónlistar utan útvarps á árinu 2012 eftirfarandi, en hér að neðan er jafnframt tilgreint leyfisgjald SFH, Sambands flytjenda og hljómplötuframleiðenda, skv. gjaldskrá nr. 214, 1996, 60% álag á STEFgjald:

I. Veitinga- og gistihús.

Undir þennan kafla falla veitinga- og gistihús, sem hafa fastan rekstur allan ársins hring eða hluta úr ári.

- A. Matsölustaðir án vínveitingaleyfis, þar sem megináhersla er lögð á matsölu og þar sem tónlist er flutt í bakgrunni, skulu greiða sem hér segir:

		STEFgjald	SFHgjald	alls
Staðir með allt að 20 sætum, ársfjórðungslega	kr.	5.849	3.509	9.358
Staðir með 21-50 sætum, ársfjórðungslega	kr.	9.358	5.615	14.973
Staðir með 51-100 sætum, ársfjórðungslega	kr.	17.780	10.668	28.448
Staðir með 101-150 sætum, ársfjórðungslega	kr.	23.629	14.177	37.806
Staðir með 151-200 sætum, ársfjórðungslega	kr.	29.478	17.687	47.165
Fyrir hver 100 sæti í viðbót, ársfjórðungslega	kr.	11.697	7.018	18.715

- B. Matsölustaðir með vínveitingaleyfi, þar sem megináhersla er lögð á matsölu og þar sem tónlist er flutt í bakgrunni, skulu greiða tvöfalt gjald, miðað við flokk A.
- C. Bjórkrár og sambærilegir veitingastaðir, opnir 1-3 daga í viku, þar sem megináhersla er lögð á sölu bjórs og/eða áfengis og þar sem tónlist er flutt, skulu greiða tvöfalt gjald miðað við flokk A.
- D. Bjórkrár og sambærilegir veitingastaðir, opnir 4-7 daga í viku, þar sem megináhersla er lögð á sölu bjórs og/eða áfengis og þar sem tónlist er flutt, skulu greiða þrefalt gjald miðað við flokk A.
- E. Dansstaðir, opnir 1-3 daga í viku, þar sem tónlist er flutt, skulu greiða tvöfalt gjald miðað við flokk A.
- F. Dansstaðir, opnir 4-7 daga í viku, þar sem tónlist er flutt, skulu greiða fjórfalt gjald miðað við flokk A.

Hótel og aðrir gististaðir, þar sem tónlist er flutt, hvort sem er á gistiherbergjum, í setustofum eða annars staðar, skulu greiða kr. 149 ársfjórðungslega fyrir hvert gistiherbergi til STEFs og kr. 89 til SFH eða kr. **238** alls. Sé um að ræða veitingar á hóteli eða gististað eða aðra starfsemi, sem fellur undir A-F liði hér að framan, skal að auki greiða fyrir þá starfsemi í samræmi við það sem þar segir.

Séu fluttir söngleikir, revíur eða önnur slík sviðsverk í veitingahúsum skal greitt sérstaklega fyrir það samkvæmt samkomulagi við STEF, fyrir hönd hlutaðeigandi réttthafa.

II. Kvikmynda- og leiksýningar.

Undir þennan kafla falla kvikmyndasýningar, leiksýningar og aðrar sambærilegar sýningar þar sem tónlist er flutt.

Af aðgangseyri að kvikmyndasýningum (að meðtöldum öllum sköttum og opinberum gjöldum) skal greiða 1%. Lágmarksgjald, sem kvikmyndahús skulu greiða, hvort sem um er að ræða fastan rekstur eða ekki, skal vera kr. 117 á hvert sæti eða kr. 11.697 á ári.

Af aðgangseyri að leiksýningum (að meðtöldum öllum sköttum og opinberum gjöldum) skal greiða 0,25%-1%, eftir því hversu mikil tónlist er í flutt í hlutaðeigandi leikverki. Lágmarksgjald, sem leikhús skulu greiða, hvort sem um er að ræða fastan rekstur eða ekki, skal vera kr. 117 á hvert sæti eða kr. 11.697 á ári.

Séu fluttar óperur, óperettur, söngleikir, revíur eða ballettar skal greitt fyrir það samkvæmt samkomulagi við STEF, fyrir hönd hlutaðeigandi réttthafa.

III. Tónleika og skemmtanahald.

Undir þennan kafla fellur allt tónleika- og skemmtanahald, annað en það sem upp er talið í I. og II. kafla.

- A. Af aðgangseyri (að meðtöldum sköttum og opinberum gjöldum) að fjölleikasýningum og öðrum sambærilegum sýningum, þar sem tónlist er flutt, skal greiða 1%, þó aldrei lægra gjald en kr. 2.339 fyrir hverja sýningu eða sýningardag. Að auki greiðist kr. 1.404 til SFH eða kr. **3.743** alls.
- B. Af aðgangseyri (að meðtöldum sköttum og opinberum gjöldum) að öðrum viðburðum en falla undir flokk A, svo sem íþróttaviðburðum, listsýningum, vörusýningum og hlutaveltum, þar sem tónlist er flutt í bakgrunni eða einvörðungu í leikhléi, skal greiða 0,25%, þó aldrei lægra gjald en kr. 585 fyrir hvern viðburð eða sýningardag, eftir því sem við á. Að auki greiðist kr. 351 til SFH eða kr. **936** alls.
- C. Af aðgangseyri (að meðtöldum sköttum og opinberum gjöldum) að útihátíðum eða útisamkomum, þar sem tónlist er flutt ásamt öðru efni, skal greiða 3%, þó aldrei lægri fjárhæð en þrjá fjórðu hluta af lágmarksfjárhæð samkvæmt flokki D.

jan 2012 lánskjaravísitala 7594

D. Af aðgangseyri (að meðtöldum sköttum og opinberum gjöldum) að einstökum dansleikjum, tónleikum, samkvæmum og öðrum samkomum, þar sem tónlist er flutt, skal greiða 4%, þó aldrei lægri fjárhæð en sem hér segir:

		STEFgjald	SFHgjald	alls
Ef samkomugestir eru 100 eða færri	kr.	4.679	2.807	7.486
Ef samkomugestir eru 101-200	kr.	14.037	8.422	22.459
Ef samkomugestir eru 201-300	kr.	21.055	12.633	33.688
Ef samkomugestir eru 301 eða fleiri skal greiða fyrir hvert byrjað hundrað umfram 300.	kr.	6.434	3.860	10.294

E. Ef enft er til dansleiks, tónleika, samkvæmis eða annarrar samkomu, þar sem tónlist er flutt, án þess að það sé gert í fjáröflunarskyni, skal aðeins greiða lágmarksfjárhæð samkvæmt flokki D.

Leigi veitinga- eða samkomuhús, hvort sem það er með fastan rekstur eða ekki, félögum eða einstaklingum salarkynni sín til samkomuhalds skal sá aðili, sem samkomuna heldur, greiða STEFi sérstaklega samkvæmt þessum kafla, en veitinga- eða samkomuhúsið ber þó ábyrgð á að gjöldin séu greidd.

IV. Önnur starfsemi.

Undir þennan kafla fellur öll önnur starfsemi en sú, sem talin er upp í I.-III. kafla.

A. Sé tónlist flutt í verslunum skal greiða fyrir það sem hér segir:	STEFgjald	SFHgjald	alls	
Verslanir, 50 fm. að stærð eða minni, árlega	kr.	9.358	5.615	14.973
Verslanir, 51-100 fm. árlega	kr.	18.716	11.230	29.946
Verslanir, 101-200 fm. árlega	kr.	24.565	14.739	39.304
Verslanir, 201-300 fm. árlega	kr.	30.413	18.248	48.661
Verslanir, 301-400 fm. árlega	kr.	36.262	21.757	58.019
Verslanir, 401-600 fm. árlega	kr.	42.111	25.267	67.378
Verslanir, 601-800 fm. árlega	kr.	47.960	28.776	76.736
Verslanir, 801-1000 fm. árlega	kr.	53.808	32.285	86.093
Síðan hækkar gjaldið fyrir hverja 500 fm. þar yfir um	kr.	7.018	4.211	11.229

B. Sé tónlist flutt í heilsuræktarstöðvum, ljósbaðstofum, hárgreiðslustofum, rakarastofum, biðstofum og öðrum sambærilegum stöðum skal greiða fyrir það sama gjald og samkvæmt flokki A.

C. Sé tónlist flutt á vinnustöðum, þar sem starfa tíu starfsmenn eða fleiri, skal greiða fyrir það sem hér segir:

	STEFgjald	SFHgjald	alls	
Fyrirtæki með 10-50 starfsmenn, árlega	kr.	11.697	7.018	18.715
Fyrirtæki með 51-100 starfsmenn, árlega	kr.	23.395	14.037	37.432
Fyrirtæki með 101-200 starfsmenn, árlega	kr.	35.092	21.055	56.147
Fyrirtæki með 201 starfsmann eða fleiri, árlega	kr.	46.790	28.074	74.864

D. Sé tónlist flutt í langferðabifreiðum eða öðrum sambærilegum bifreiðum, sem taka 10 farþega eða fleiri, skal greiða árlega kr. 14.037 fyrir hverja bifreið. Að auki greiðist kr. 8.422 til SFH eða kr. **22.459** alls.

E. Sé tónlist flutt um borð í farþegaskipum eða ferjum skal greiða árlega kr. 14.037 - 42.111 fyrir hvert skip, miðað við stærð og eðli tónflutnings, auk gjalds fyrir veitingastaði samkvæmt I. kafla, ef þeir eru starfræktir um borð. Að auki greiðist kr. 8.422 - 25.267 til SFH eða kr. **22.459 - 67.378** alls.

F. Sé tónlist flutt um borð í flugvélum skal greiða árlega kr. 28.074 - 84.222 fyrir hverja flugvél miðað við stærð og eðli tónflutnings. Að auki greiðist kr. 16.844 - 50.533 til SFH eða kr. **44.918 - 134.755** alls.

Sé tónlist flutt í almennu rými, t.d. í verslunarmiðstöðvum, skal greiða fyrir það sama gjald og samkvæmt flokki A, en að auki skal greitt gjald fyrir hverja verslun, sem þar er starfrækt, samkvæmt þeim flokki. Séu veitingastaðir starfræktir í verslunarmiðstöðvum eða á sambærilegum stöðum, þar sem tónlist er flutt, skulu þeir greiða sérstakt gjald samkvæmt I. kafla, óháð því almenna gjaldi sem innt er af hendi fyrir flutning á tónlist í hinu almenna rými.

V. Almenn ákvæði.

STEFi er heimilt að semja við einstaka aðila um gjaldtöku í sérstökum tilvikum, m.a. í þeim tilvikum sem ekki eru tilgreind í gjaldskrá þessari.

Einstökum tónskáldum eða öðrum réttihöfum er heimilt að leggja bann við flutningi á verkum sínum enda tilkynni STEF það hverju sinni þeim sem ábyrgð ber á flutningi tónlistar.

Gjöld, sem greiðast skulu árlega, falla í gjalddaga 15. apríl ár hvert. Gjöld, sem greiðast skulu ársfjórðungslega, falla í gjalddaga 15. fyrsta mánaðar eftir lok ársfjórðungs, þ.e. 15. janúar, 15. apríl, 15. júlí og 15. október. Annars falla gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari í gjalddaga 10. hvers mánaðar, eftir á, ef staðgreiðslu verður ekki við komið. STEFi er heimilt að semja við einstaka aðila um aðra tilhögun á greiðslu gjaldanna.

Framangreind gjöld miðast við lánskjaravísitölu, sem tilgreind er framan á gjaldskránni, sbr. 1.gr. laga nr. 13, 1995.

Lánskjaravísitala við setningu grunngjaldskrár í janúar 1993 var 3246 stig.

margfeldið er 2,33949476